

Reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eða málaflokka og framsal valds til starfsmanna fjölskyldu- og velferðarráð Suðurnesjabæjar

I. Almenn	3
1. gr.	3
2. gr.	3
3. gr. Tilkynninga- og úthlutunarfundir	3
4. gr. Meðferðarfundur	4
II. Vanhæfisreglur	4
5. gr. Vanhæfi	4
6. gr. Áhrif vanhæfis	4
7. gr. Samstarf milli barnaverndarnefnda	5
III. Málsmeðferð hjá starfsmönnum Fjölskyldu- og velferðarráðs	5
8. gr. Meginreglur í barnaverndarstarfi	5
9. gr. Hlutlægni og fagleg vinnubrögð	6
10. gr. Málshraði	6
11. gr. Skráning	6
12. gr. Tilkynningar	6
Tilkynningar skv. 16. gr.	7
Tilkynningar skv. 17. og 18. gr.	7
13. gr. Brýnar aðgerðir	7
14. gr. Könnun máls	8
15. gr. Lögreglurannsókn	9
16. gr. Áætlun um meðferð máls	9
17. gr. Mál lagt fyrir fjölskyldu- og velferðarráð	9



Önnur mál sem leggja skal fyrir ráðið eru:	10
18. gr. Boðun aðila á fund fjölskyldu- og velferðarnefndar	10
19. gr. Ákvarðanir fjölskyldu- og velferðarnefndar	11
20. gr. Úrræði gagnvart þeim sem starfa með börnum	11
21. gr. Stuðningsfjölskyldur	11
IV. Ráðstöfun barns utan heimilis	12
22. gr.	12
23. gr. Fóstur	12
24. gr. Vistun á meðferðarheimili	Error! Bookmark not defined.
V. Umsagnir	Error! Bookmark not defined.
25. gr. umsagnir skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002	14
VI. Gildistaka	14



1. I. Almennt

1. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Fjölskyldu- og velferðarráð Suðurnesjabæjar, fer með hlutverk barnaverndarnefndar sbr. 10 gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Fjölskyldu- og velferðarráð Suðurnesjabæjar sinnir hlutverki barnaverndarnefndar fyrir sveitarfélagið Voga. Í ráðinu sitja tveir kjörnir fulltrúar sveitafélagsins Voga.

2. gr.

Starfsmönnum fjölskyldu- og velferðarráðs er falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku einstakra barnaverndarmála eða málflokka samkvæmt reglum þessum og í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga að undanskildum þeim ákvörðunum sem óheimilt er skv. ákvæðum barnaverndarlaga að framselja til starfsmanna og sem skv. reglum þessum skulu teknar af fjölskyldu- og velferðarráði. Með starfsmönnum er átt við starfsmenn sem ráðnir hafa verið til starfa við barnavernd Suðurnesjabæjar auk sjálfstætt starfandi sérfræðinga er taka að sér verkefni fyrir nefndina. Yfirmanni félagsþjónustu er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu máls eftir því sem rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Starfsmenn fjölskyldu- og velferðarráðs skulu alla jafna hafa lokið háskólaprófi í félagsráðgjöf, sálfræði, uppeldisfræði, lögfræði eða öðrum þeim fræðum, sem nýtast vel við vinnslu barnaverndarmála.

Fjölskyldu- og velferðarráð getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna og skulu þeir í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum hennar. Fjölskyldu- og velferðarráð skal starfa í samræmi við 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og sinnir jafnframt verkefnum sem nefndinni eru falin í lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 og barnalögum nr. 76/2003.

Fjölskyldu- og velferðarráð kveður upp úrskurði og tekur ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr. Nefndin tekur einnig ákvörðun um einhliða áætlun um beitingu þvingunar sbr. 23. gr.

3. gr. Tilkynninga- og úthlutunarfundir

Tilkynninga- og úthlutunarfundir eru haldnir vikulega. Teymið skipa að lágmarki tveir starfsmenn þar af annar sem er starfsmaður barnaverndar.



Á tilkynninga- og úthlutunarfundi er farið yfir tilkynningar og ákvarðanir teknar um hvort hefja skuli könnun máls. Á þeim fundum eða meðferðarfundum er málum úthlutað til vinnslu á starfsmenn.

4. gr. Meðferðarfundur

Meðferðarfundir eru haldnir vikulega, þar sitja starfsmenn barnaverndar. Á meðferðarfundum eru teknar ákvarðanir um vinnslu mála, farið yfir niðurstöður kannanna, meðferðaráætlanir lagðar fram og tekin ákvörðun um hvort að mál skuli lagt fyrir fjölskyldu- og velferðarráð. Á meðferðarfundi þurfa að lágmarki tveir starfsmenn að sitja.

2. II. Vanhæfisreglur

5. gr. Vanhæfi

Starfsmaður fjölskyldu og velferðarráðs er vanhæfur að vinna barnaverndarmál ef:

- a. Hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
- b. Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- c. Hann tengist eða hefur tengst umboðsmanni aðila með sama hætti sem segir í b-lið.
- d. Ef málið varðar hann sjálfan verulega, venlamenn hans skv. b-lið næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir.
- e. Hann hefur verið talsmaður aðila varðandi málið.
- f. Hann hefur borið um mál að öðru leyti en því sem leiðir af störfum hans á vegum nefndarinnar.
- g. Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa.
- h. Ef hann telst vanhæfur til meðferðar máls skv. 2. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

6. gr. Áhrif vanhæfis

Starfsmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli næsta yfirmanns á því. Yfirmaður tekur síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður segi sig frá málinu. Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi þangað til annar starfsmaður tekur við sbr. 4. gr. stjórnsýslulaga.



Viti yfirmaður félagsþjónustu um ástæður sem kunna að valda vanhæfi hans skal hann tafarlaust vekja athygli formanns fjölskyldu- og velferðarráðs á þeim. Fjölskyldu- og velferðarráð tekur endanlega ákvörðun um hvort yfirmaður félagsþjónustu sé vanhæfur. Fjölskyldu- og velferðarráð tekur jafnframt ákvörðun um hvort fela eigi annarri barnaverndarnefnd málið til vinnslu.

Sé yfirmaður félagsþjónustu vanhæfur til meðferðar máls mega hvorki hann né aðrir starfsmenn fjölskyldu- og velferðarráðs taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Yfirmanni félagsþjónustu eða starfsmönnum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar í þágu barns þar til málið hefur verið flutt. Ef mál er það tengt einum eða fleiri starfsmönnum barnaverndar getur yfirmaður félagsþjónustu ákveðið að fela vinnslu þess annarri barnaverndarnefnd. Nefndarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

[7. gr. Samstarf milli barnaverndarnefnda](#)

Ef starfsmenn telja hentugra að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu er starfsmönnum fjölskyldu- og velferðarráðs heimilt að semja við þá barnaverndarnefnd sem hentugra er talið að fari með málið. Slíkt samkomulag skal staðfest á meðferðarfundi starfsmanna.

3. III. Málsmeðferð hjá starfsmönnum fjölskyldu- og velferðarráðs

[8. gr. Meginreglur í barnaverndarstarfi](#)

Starfsmenn skulu beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skuli ávallt hafðir í fyrirrúmi. Aðrir hagsmunir s.s. hagsmunir foreldra verða þá að víkja stangist þeir á við hagsmuni barnsins.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða, eftir því sem best þykir á hverjum tíma.

Starfsmenn skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra/forsjáraðila og sýna þeim og öðrum er tengjast máli fyllstu nærgætni og virðingu, er þeir kanna og fara með mál.

Starfsmenn skulu í störfum sínum eiga góða samvinnu sín á milli, við samstarfsaðila innan Fjölskyldusviðs og aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna.

Starfsmenn skulu í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis.



Starfsmenn skulu eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til íþyngjandi úrræða. Jafnframt skal miða við að beitt sé vægustu úrræðum til þess að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Aðeins skal gripið til íþyngjandi ráðstafana ef lögmætum markmiðum verður ekki náð með öðru og vægara móti.

Í starfi sínu skulu starfsmenn taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

Starfsmenn leitast við að notast við viðurkennda túlkapjónustu í starfi sínu með börnum og foreldrum/forsjáraðilum þeirra þar sem það er talið þörf.

9. gr. Hlutlægni og fagleg vinnubrögð

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Þeir mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir verða vísir að í störfum sínum um einkamál manna eða heimilishætti. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða, eftir því sem best þykir á hverjum tíma. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni við könnun og meðferð mála.

10. gr. Málshraði

Starfsmenn skulu afgreiða mál svo fljótt sem auðið er og sjá til þess að mál séu nægilega upplýst áður en einhverjar ákvarðanir eru teknar. Ákvörðun um könnun máls skal að jafnaði tekin innan sjö daga frá því að tilkynning berst. Könnun skal að jafnaði lokið innan þriggja mánaða frá því að tilkynning berst og eigi síðar en fjórum mánuðum frá því að ákvörðun er tekin um að hefja könnun.

11. gr. Skráning

Starfsmönnum ber að skrá mál sem koma til meðferðar á kerfisbundinn hátt og varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sbr. ákvæði 39. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 26. og 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012

12. gr. Tilkynningar

Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra/forsjáraðila, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess. Starfsmenn skulu einnig taka á móti tilkynningum um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu. Skrá skal nákvæmlega efni tilkynninga og annað sem



máli kann að skipta. Taka skal afstöðu til þess án tafar og eigi síðar en innan sjö daga frá því tilkynning berst, hvort ástæða sé til að hefja könnun í málinu. Það er gert á vikulegum tilkynninga- og úthlutunarfundum. Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin, nema rökstuddur grunur um brot skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 liggi fyrir. Sama gildir þó starfsmaður fái upplýsingar með öðrum hætti en beinni tilkynningu. Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal starfsmaður þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Að jafnaði skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu skv. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Heimilt er að skipa barni löglærðan talsmann ef það er talið þjóna hagsmunum barnsins. Ávallt skal leita samþykkis barna eldri en 15 ára vegna beitingu úrræða og þeim skal skipaður talsmaður nema barn njóti aðstoðar lögmanns. Barn eldra en 15 ára telst aðili máls.

Starfsmaður skal tilkynna foreldrum/forsjáraðilum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun í tilefni af henni. Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til foreldra/forsjáraðila vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Tilkynningar skv. 16. gr.

Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimlit að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en fjölskyldu- og velferðarráði.

Starfsmaður skal staðfesta við tilkynnanda munnlega að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.

Tilkynningar skv. 17. og 18. gr.

Ákvæði um nafnleynd eiga ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Starfsmaður skal staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar.

13. gr. Brýnar aðgerðir

Starfsmaður hefur umboð til að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns sbr. 31. gr. barnaverndarlaga en skal hafa samráð við yfirmann og formann fjölskyldu- og velferðarráðs ef unnt er. Leggja skal málið fyrir fjölskyldu- og velferðarráð til staðfestingar án tafar og eigi síðar en innan 14 daga. Að öðrum kosti fellur ákvörðunin úr gildi.

Hafi starfsmaður verið kvaddur til að sinna barni þar sem brýnna aðgerða er þörf, skal hann gera skriflega skýrslu þar sem fram koma ástæður íhlutunar og annað sem máli kann að skipta.



14. gr. Könnun máls

Þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að aðbúnaði barns sé ábótavant, þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hættu búin vegna; vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra/forsjáraðila, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar barns skal málið kannað án tafar. Það sama gildir ef rökstuddur grunur er um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns í hættu. Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila þar sem starfsmaður og forsjáraðili/ar undirrita áætlun um framkvæmd könnunar. Starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim sem um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Afla skal sem gleggstra upplýsinga um hagi barns eða ungmennis svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag þess. Að jafnaði skal aflað umsagnar skóla eða annarrar stofnunar þar sem barn eða ungmenni dvelur, heimilisaðstæður barns eða ungmennis kannaðar og rætt við foreldra/forráðamenn. Leita skal eftir sjónarmiðum barna eða ungmenna við könnun máls miðað við þroska þeirra og getu. Þá skal að jafnaði aflað upplýsinga frá heilbrigðisyfirvöldum um heilsufar barns eða ungmennis.

Sé rökstuddur grunur um að aðstæðum barns sé ábótavant og þjóni það hagsmunum barns eða ungmennis er heimilt að fara á annan stað en heimili barns, svo sem í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð eða neyðarathvarf til að tala við það í einrúmi eða til að fylgjast með hegðun þess.

Könnun máls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni hraðað sem kostur er.

Þegar mál hefur verið nægilega kannað skal starfsmaður taka saman skriflega greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið hveira úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Ákvörðun um beitingu úrræða og lokun máls skal tekin fyrir á meðferðarfundi.

Foreldrar geta skotið ákvörðun starfsmanna um að loka máli á þessu stigi til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. 1. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.



15. gr. Lögreglurannsókn

Ef grunur er um að brotið hafi verið gegn barni á grundvelli almennra hegningalaga nr. 19/1940, hefur starfsmaður, að höfðu samráði við yfirmanns félagsþjónustu, umboð til þess að óska eftir lögreglurannsókn og leggja fram kæru með eða án samþykkis forsjáraðila, enda leikur grunur á að velferð, lífi eða heilsu barns eða annarra sé stefnt í verulega hættu. Eftir atvikum skal haft samráð við og leitað eftir samþykki forsjáraðila sem hefur barn í sinni umsjá. Þá skal haft samráð við barn eftir atvikum.

16. gr. Áætlun um meðferð máls

Leiði könnun starfsmanns í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni og þörf er á beitingu úrræða samkvæmt barnaverndarlögum, skal starfsmaður, í samvinnu við foreldra/forsjáraðila gera skriflega áætlun um meðferð málsins. Hið sama á við um barn sem hefur náð 15 ára aldri. Áætlunin skal miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns eða ungmennis sem í hlut á og í áætlun skal koma fram hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi. Í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá. Skal áætlun markaður ákveðinn tími og mál endurskoðað með hliðsjón af því hvort markmiðum hafi verið náð. Ef ekki tekst samvinna um gerð eða framkvæmd áætlunar um beitingu úrræða skal starfsmaður semja einhliða áætlun um framvindu máls og leggja fyrir fjölskyldu- og velferðarnefnd til ákvörðunar sbr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Aðilum er heimilt að skjóta ákvörðunum um loka máli þegar tími áætlunar um meðferð máls er liðinn til kærunefndar barnaverndarmála sbr. 2. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

17. gr. Mál lagt fyrir fjölskyldu- og velferðarráð

Leggi starfsmaður mál fyrir fjölskyldu- og velferðarráð skal það gert með skriflegri greinargerð þar sem fram koma ástæður fyrir íhlutun starfsmanns, atvik máls og annað sem máli kann að skipta. Starfsmaður skal afhenda og kynna aðilum máls, greinagerðir og önnur gögn málsins með hæfilegum fyrirvara. Starfsmaður getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns, að aðilar fái ekki að svo stöddu að kynna sér innihald tiltekinna gagna þar til fjölskyldu- og velferðarráð hefur tekið endanlega ákvörðun þar að lútandi. Slík ákvörðun skal tekin fyrir á meðferðarfundi.

Náist ekki samvinna um gerð áætlunar um meðferð máls, úrræði ekki skilað árangri eða ástæða þykir til þess að vista barn utan heimilis, svipta foreldri



forsjá barns, leggja til að þunguð kona verði svipt sjálfræði eða krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skal málið lagt fyrir fjölskyldu- og velferðarráð, þegar kveða þarf upp úrskurði og taka ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr. svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns og nálgunarbanns skv. 37. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Önnur mál sem leggja skal fyrir nefndina eru:

- a. Fósturmál, þegar barn fer í fóstur,
- b. Greiðslur til fósturforeldra, umfram lágmarksgreiðslur sem koma fram í reglugerð um greiðslur vegna barna í fóstri nr. 858/2013
- c. Árlega er lagt fram yfirlit yfir börn í fóstri,
- d. Árlega er lagt fram yfirlit um fjölda barnaverndarmála,
- e. Umsagnir vegna ættleiðingarmála,
- f. Umsagnir vegna leyfis til að gerast fósturforeldrar,
- g. Mál sem hafa verið kærð fyrir hönd nefndarinnar,
- h. Önnur mál sem samþykkt er á meðferðarfundi að fari fyrir nefndina,
- i. Leyfi til stuðningsfjölskyldna, gegn saka- og læknisvottorði og umsögn starfsmanna.

Starfsmaður skal tilkynna aðilum og barni eldra en 15 ára að málið verði lagt fyrir fjölskyldu- og velferðarráð með hæfilegum fyrirvara. Starfsmaður skal vekja athygli foreldra/forsjáraðila á rétti þeirra til að mæta á fund fjölskyldu- og velferðarráðs og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli viðkomandi á rétti hans til lögmannsaðstoðar og mögulegrar fjárhagsaðstoðar í því skyni sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og reglum fjölskyldu- og velferðarráðs Suðurnesjabæjar um veitingu fjárfstyrks til greiðslu lögmannskostnaðar sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

18. gr. Boðun aðila á fund fjölskyldu- og velferðarnefndar

Í þeim tilvikum þar sem aðilar hafa rétt á því að mæta á fund fjölskyldu- og velferðarráðs skal starfsmaður boða viðkomandi skriflega á fund nefndarinnar. Í bréfinu skal koma fram tími og staðsetning fundarins ásamt tillögu í greinargerð. Þá skal tilgreint hvar og hvenær aðilar máls geta nálgast greinargerð starfsmanns, ef hún hefur ekki verið afhent viðkomandi. Í bréfinu skal aðilum leiðbeint um rétt þeirra til þess að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls eða annað



sem lýtur að málsmeðferðinni áður en fjölskyldu- og velferðarráð kveður upp úrskurð. Jafnframt skal aðilum leiðbeint um rétt þeirra á styrk frá fjölskyldu- og velferðarráði fyrir lögmannskostnaði skv. reglum um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannskostnaðar þegar það á við.

Aðilar skulu að jafnaði hafa fengið greinargerð starfsmanns í hendur eigi síðar en þremur dögum fyrir fund fjölskyldu- og velferðarráðs.

19. gr. Ákvarðanir fjölskyldu- og velferðarráðs

Starfsmaður skal, án ástæðulausrar tafar, tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir, ákvarðanir og úrskurði fjölskyldu- og velferðarráðs með sannanlegum hætti. Jafnframt skal þá veita hlutaðeigandi aðila leiðbeiningar um kæruehimildir þegar þær eru fyrir hendi, kærufresti svo og hvert beina skuli kæru, sbr. 40. gr. og 49. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

20. gr. Úrræði gagnvart þeim sem starfa með börnum

Starfsmaður skal taka á móti ábendingum um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant sbr. 35. gr. bvl. og kanna mál í samræmi við ákvæði 21. gr. bvl. telji hann tilefni til. Ákvörðun um málsmeðferðina er tekin fyrir á tilkynninga- og úthlutunarfundi. Tilkynna skal viðkomandi starfsmanni ákvörðun um málsmeðferð og vinnuveitanda hans ef við á. Starfsmaður barnaverndar skal tilkynna um niðurstöðu könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta.

21. gr. Stuðningsfjölskyldur

Einstaklingur eldri en 23 ára og hjón eða sambýlisfólk geta sótt um að gerast stuðningsaðili- eða fjölskylda. Starfsmaður skal leita eftir upplýsingum um umsækjanda og aðbúnað á heimilinu frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, öðrum barnaverndarnefndum, sakaskrá ríkisins og heilbrigðisfulltrúa, enda sé umsækjanda gert kunnugt um það. Ennfremur getur starfsmaður leitað eftir upplýsingum aðbúnað hjá eldvarnareftirliti sé talin þörf fyrir það.

Starfsmaður skal fara að minnsta kosti einu sinni á heimili umsækjanda og skrifa greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun. Umsækjanda skal kynnt greinargerðin og honum/þeim gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Að því loknu skal umsókn og greinargerð starfsmanns lögð fyrir fjölskyldu- og velferðarráð til samþykktar.

Leyfi til að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skal veitt til eins árs í senn. Óski viðkomandi eftir endurnýjuðu leyfi meta starfsmenn hvaða gögn



eru nauðsynleg. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunn að hafa breyst auk þess sem starfsmaður skal heimsækja fjölskylduna.

4. IV. Ráðstöfun barns utan heimilis

22. gr.

Áður en barni er ráðstafað utan heimilis skal reyna önnur vægari stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni.

Liggja þarf fyrir samþykki foreldra/forsjáraðila barns svo og barns sem náð hefur 15 ára aldri, fyrir því að barnið verði vistað utan heimilis eða því ráðstafað í fóstur. Samþykkið skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja aðila er votta að foreldrum/forsjáraðila eða barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar. Skorti samþykki foreldra/forsjáraðila og/eða barns 15 ára og eldra skal málið lagt fyrir fjölskyldu- og velferðarráð og skal þá barni og/eða talsmanni/lögmanni þess veitt færi á að tjá sig fyrir nefndinni. Hið sama gildir um foreldra/forsjáraðila og/eða lögmenn þeirra.

Starfsmaður skal leita umsagnar kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns áður en barni er ráðstafað utan heimilis.

Starfsmaður skal aðstoða og undirbúa foreldra/forsjáraðila og barn undir væntanlega vistun eða fóstur. Skal starfsmaður semja skriflega áætlun um tryggja umsjá barnsins. Í áætlun skal skilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

23. gr. Fóstur

Þegar fyrir liggur samþykki aðila eða úrskurður fjölskyldu- og velferðarráðs um fóstur barns sendir starfsmaður beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barnaverndarstofu. Starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra/forsjáraðila. Ennfremur skal starfsmaður veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar meðan á fóstri stendur, eftir því sem ástæða þykir til. Starfsmaður skal koma á fósturheimili a.m.k. tvisvar á ári fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það. Í heimsóknum sínum skal starfsmaður ræða annars vegar við fósturforeldra og hins vegar við barnið sjálft. Starfsmaður skal halda utan um öll afskipti hans af fósturmálum og eftirlit með fósturheimilum.



Starfsmaður skal gera skriflegan fóstursamning fyrir hönd fjölskyldu- og velferðarráðs við fósturforeldra. Fóstursamningur skal gerður á þar til gerð eyðublöð og skulu koma fram þau atriði sem getið er í 68. gr. bvl. og annað sem máli kann að skipta. Starfsmaður sendir til Barnaverndarstofu tilkynningu um gerð fóstursamnings og lok fósturs. Starfsmaður tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á. Tilkynna skal um fóstur til fjölskyldu- og velferðarráðs.

Starfsmaður hefur heimild til þess að semja um lágmarksgreiðslur við tilvonandi fósturforeldra skv. reglugerð um greiðslur vegna barna í fóstri nr. 858/2013. Óski tilvonandi fósturforeldrar eftir hærri greiðslum en lágmarksgreiðslum skv. reglugerð, þurfa óskir og rökstuðningur að koma fram skriflega og leggja þarf erindið fyrir fjölskyldu- og velferðarráð til samþykktar. Fósturgreiðslur þurfa að rúmast innan fjárhagsáætlunar, ef ekki þá þarf yfirmaður félagsþjónustu að leggja fyrir bæjarstjórn tillögu um viðauka.

Telji starfsmaður að fósturforeldri vanræki uppeldishlutverk sitt skal hann gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til verndar barni eða ungmenni. Ef um alvarlega vanrækslu er að ræða eða starfsmaður telur ástæðu til af öðrum orsökum skal hann kynna málið fyrir fjölskyldu- og velferðarráði og Barnaverndarstofu.

Starfsmaður hefur frumkvæði að því að koma á samningi um umgengni barns við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Fjölskyldu- og velferðarráð úrskurðar um ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd.

24. gr. Vistun á meðferðarheimili

Þegar fyrir liggur samþykki aðila eða úrskurður fjölskyldu- og velferðarráðs fyrir vistun barns á meðferðarheimili sendir starfsmaður umsókn til Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa metur og tekur ákvörðun í samráði við starfsmann nefndarinnar um vistun, þar á meðal hvaða heimili hentar barni best. Hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka.

Ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. bvl. og ekki er um að ræða umgengni þeirra við barnið, ber starfsmanni að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en tvo mánuði. Starfsmaður skal gera vistunarsamning og leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.



5. V. umsagnir

[25. gr. umsagnir skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002](#)

Sé óskað umsagnar vegna ættleiðinga skv. 16. gr. og 31. gr. ættleiðingarlaga nr. 130/1999 eða skv. ákvæðum barnaverndarlaga, svo sem um hæfi verðandi fósturforeldra eða um leyfi til að reka stofnun eða heimili fyrir börn, skal starfsmaður annast könnun málsins.

Starfsmaður skal skrifa greinargerð sem lögð er fyrir fjölskyldu- og velferðarráð.

Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu fela í sér upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra kjörforeldra í samræmi við ættleiðingarlög nr. 130/1999. Afhenda skal aðilum greinargerð og gefa þeim kost á að gera athugasemdir munnlega eða skriflega. Aðilum skal jafnframt boðið að mæta á fund nefndarinnar til að gera frekari grein fyrir aðstæðum sínum eða sjónarmiðum.

6. VI. Gildistaka

Samþykkt af fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Sv. Garðs og Sv. Voga dags. 16.06.2016

Samþykkt af bæjarráði Sandgerðisbæjar dags. 28.06.2016

Samþykkt af bæjarráði Sv. Garðs dags. 14.07.2016

Samþykkt af bæjarstjórn Sv. Voga dags. 29.06.2016

